

A 1739/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um  
**þingmannatillögu**  
**um sameiginlegan kvikmyndasjóð frumbyggja á norðurslóðum**

**Tillögur**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar  
að hún styðji verkefnið *Stories from the Ice* í þrjú ár, 2019–2021.

**Bakgrunnur**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar  
að hún styðji stofnun sameiginlegs kvikmyndasjóðs frumbyggja á  
norðurslóðum (ARCTIC INDIGENOUS FILM FUND) með árlegum styrk.

Flokkahópur jafnaðarmanna lagði fram þingmannatillögu um stuðning við kvikmyndasjóð frumbyggja á norðurslóðum. Tillagan var kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki 2017. Alþjóðlega samíska kvikmyndastofnunin (ISFI) stendur að baki sjóðnum en hún ásamt samstarfsaðilum á Grænlandi og í Kanada ráðgerir að koma sjóðnum á fót. Markmiðið með sjóðnum er að styðja framleiðslu og samframleiðslu kvikmynda sem gerðar eru af og með frumbyggjum norðurslóða. Markmiðið er að koma á fót stofnun sem sér um stjórnun sjóðsins. Fé sjóðsins byggist á fjármögnun opinberra aðila og einkaaðila og arðinum verður varið í kvikmyndagerð. Sjóðurinn verður undir stjórn ISFI í Kautokeino, Noregi.

Í þingmannatillögunni er lagt til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún styðji sjóðinn með árlegum fjárframlögum. Frekari upplýsingar sýna þó að Norræna ráðherranefndin getur ekki lagt fram fjármagn í sjóð. Fjármagn sem úthlutað er af Norrænu ráðherranefndinni skal vera notað innan ákveðins tíma og krefst árlegrar skýrslugjafar um notkun fjáris. Grunnfjármögnun sjóðsins liggur heldur ekki fyrir.

ISFI hefur því komið á fót tilraunaverkefninu *Stories from the Ice – Arctic Indigenous Film Fund pilot project*. Tilgangur verkefnisins er að gefa ungu fólki úr hópi frumbyggja tækifæri til að vinna með stafræna miðla í nærsamfélögum sínum.



Markmið verkefnisins er að veita menntun og útvega fjármagn til nýrrar kynslóðar kvikmyndagerðarmanna og gera þeim fært að segja eigin sögur. Verkefnið nær til fjögurra ára tímabils og ISFI reiknar í fjárhagsáætlun með fjármögnun frá Norrænu ráðherranefndinni sem nemur 700.000 norskum krónum á ári á tímabilinu 2019–2021.

Áfangar í verkefninu eru:

- *Digital Talent Hub* – sem safnar saman hæfileikaríku ungu fólki úr hópi frumbyggja sem með nýsköpun á sviði tækni og stafrænnar þróunar fær tækni í hendurnar til að læra nýskapandi miðlunaraðferðir. Fyrir tilstilli málstofa í sýndarveruleika og stafrænna sjónrænna áhrifa öðlast unga fólkið nýja færni og framleiðir nýtt efni. Einnig verður boðið upp á nám í að finna fjármögnun og dreifingaraðila stafræns efnis.
- *Indigenous Film Summit* – mars 2018 í Guovdageaidnu, Noregi. Safnar saman kvikmyndaþólkum frá norðurslóðum til að ræða framleiðslu, fjármögnun og dreifingu kvikmynda frumbyggja á norðurslóðum.
- *Tundra Film Camp* – september 2018. Æfingabúðir í viku í Sapmi til að gera stuttmyndir, efni fyrir sýndarveruleika, teiknimyndir, leiki, sjónvarpsþáttaraðir fyrir netið.
- *Indigenous Film Bachelor* – hefst 2018. Staðfest samstarf við *Sami University College* og *UArctic* um kvikmyndanáms fyrir frumbyggja.
- *Arctic Chills TV Series* – 2018–2021. Framleiðsla á hryllingssögum og goðsögnum frumbyggja.
- Fjáröflunarstarfsemi – 2018–2021. Lögfræðilegar úttektir, myndun tengslaneta og samkomur til að stuðla að fjármögnun sjóðsins.

### Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin styður verkefni Alþjóðlegu samísku kvikmyndastofnunarinnar, *Stories from the Ice*. Samfara auknum áhuga erlendis frá á að nýta náttúruauðlindir norðurslóða er gríðarlega mikilvægt að gleyma ekki frumbyggjunum sem þar búa. Kvikmyndir og stafrænir miðlar gefa frumbyggjum tækifæri á að segja sögur sínar, sýna hættur og tækifæri tengd nýtingu og varpa ljósi á þær áskoranir sem við er að glíma. Kvikmyndir og stafrænir miðlar gera einnig afleiðingar loftslagsbreytinga sýnilegar og stuðla að tjáningarfrelsi frumbyggja, sem er forsenda þess að tryggja megi réttindi þeirra til framtíðar og framtíð þeirra á norðurslóðum. Verkefnið er því einnig í samræmi við sjálfbærnimarkmið SP.

Kvikmyndagerð er vaxandi atvinnugrein á norðurslóðum og verkefnið mun efla starfsgreinina og stuðla að samframleiðslu og skapa sjálfbæra vinnustaði á sviði kvikmynda. Færniþróun og menntaáttak fyrir ungt fólk mun einnig efla kvikmyndagerð frumbyggja og gerð efnis fyrir fjölmiðla.

Tillagan stuðlar að því að uppfylla undirmarkmið 4.5 í sjálfbærnimarkmiðunum /.../ „fólki í viðkvæmri stöðu, meðal annars fötluðu fólki, frumbyggjum og börnum í viðkvæmum aðstæðum, verði tryggður jafn aðgangur að menntun og starfsþjálfun á öllum stigum“ og undirmarkmið 4.7 „Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir námsmenn öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til að ýta undir sjálfbæra þróun,



meðal annars með /.../ viðurkenningu menningarlegrar fjölbreytni og framlags menningarinnar til sjálfbærrar þróunar.“

Þar sem fjármögnun *Arctic Indigenous Film Fund*, sem upphaflega þingmannatillagan fjallaði um, er ekki tilbúin styður nefndin að málsliðnum verði breytt í:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún styðji verkefnið *Stories from the Ice* í þrjú ár, 2019–2021.

Stokkhólmi, 24. janúar 2018

*Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)*

*Annette Lind (S)*

*Cassandra Sundin (SD)*

*Claus Larsen-Jensen (S)*

*Eva Biaudet (sv)*

*Eva Sonidsson (S)*

*Johanna Karimäki (gröna)*

*Kelly Berthelsen (IA)*

*Lars-Arne Staxäng (M)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*

*Marianne Synnes (H)*

*Norunn Tveiten Benestad (H)*

*Peter Johnsson (S)*